

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss vegna athafnasvæðis í landi Götu í Selvogi og íbúðarbyggðar á Stóra-Saurbæjarsvæðinu.

Skipulagsstofnun staðfesti 14. júní 2021 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 sem samþykkt var í bæjarstjórn 29. apríl 2021.

Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt 400 m² athafnasvæði fyrir fjarskiptamastur við Suðurstrandarveg í landi Götu í Selvogi. Einnig er um 15 ha landbúnaðarsvæði breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð á Stóra-Saurbæjarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir allt að 15 íbúðarlóðum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 14. júní 2021.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2021